

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundahúsalóða í landi Bjarnastaða II.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 3 eins hektara lóðum fyrir frístundahús í landi Bjarnastaða II. Heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús á hverri lóð auk 30 m² geymslu. Mænishæð má vera allt að 5,5 m frá gólfplötu.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. febrúar 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.